

## Smjörhnífur

### ALMENNAR UPPLÝSINGAR

**Markmið:** Hnífsbrögðin æfð. Hámarksstyrkur - lágmarksefni. Tengja saman eiginleika einstakra trjátegunda, styrk efnisins, tálgutæknina og læra að lesa í viðinn. Hönnun. Verkefnið eflir leikni í vinnubrögðum og eykur hæfni í sjálfstæðum vinnubrögðum.

**Námsgreinar:** Smíði, náttúrufræði, list- og verkgreinar, heimilisfræði.

**Aldurshópar:** Miðstig og elsta stig.



### VERKLÝSING

Nota má 15-20 cm langa þversagaða boli sem síðan eru klonfir niður í mátulegar þynnur til að vinna úr smjörhníf. Með því að kljúfa viðinn með þessum hætti er verið að nýta sér styrk efnisins, þ.e. ekki eru sagaðar í sundur viðaræðarnar sem liggja langsum í trénu.

Nemendur geta komið sér upp viðarsýnishornasafni með því að búa til smjörhnífa úr mismunandi viðartegundum. Auðkenna má tegundina með því að brenna upphafsstaf tegundarinnar í skaftið, s.s. G fyrir greni, B fyrir birki o.s.frv.

Þegar smjörhnífurinn þornar krumpast hann þar sem vorviðurinn og sumarvöxturinn er misþéttur í sér. Til að fá slétt yfirborð þarf að vinna niður ójöfnurnar þegar hnífurinn er orðinn þurr. Einnig má leyfa þeim að vera ef smekkur leyfir.

Fjalla má um hámarksstyrk miðað við eðlisþyngd, æfa hnífsbrögðin, fjalla um snúning í bol trjáanna og tengja það umræðum um snúning jarðar, staðbundnum vaxtarskilyrðum og segulsviði jarðar. Fá verkefni eru betri til að æfa tilfinninguna fyrir því hvenær maður er að tálga með viðnum og hvenær á móti.

### UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Kljúfexi, tálguexi, kjulla, tálguhnífur, sög, og sandpappír. Matarolía til yfirborðsmeðhöndlunar.

Nota má allar viðartegundir í smjörhnífa. Mælt er með ösp, birki, greni, lerki, víði, furu og elri.